

**Erindi Þorbergs Halldórssonar, íbúa í hverfinu, dags. 27. mars. 2022 um skipulagsmál og umgengni í Vogabyggð.**

Sæl

Reitur þrjú í Vogabyggð afmarkast af Súðarvogi, Tranarvogi og Dugguvogi.

Á þessum reit eru byggingar sem samkvæmt hugmyndum um deiliskipulag eiga flestar að standa (sumar friðaðar) en gefin verður kostur á að auka byggingarmagn bæði ofan á húsin og inn á lóðir.

Nú þegar er byggðin blanda af samþykktum og ósamþykktum íbúðum, vinnustofum og verkstæðum, ýmist í léttum eða grófum iðnaði.

Frá 2016 hafa verið hugmyndir af nýju deiliskipulagi fyrir reitinn verið alveg á leiðinni (ég veit ekki hvað oft okkur hefur verið sagt að það væri alveg að klárast)

en ekkert liggur fyrir ennþá.

Ástandið á reitnum er með öllu óásættanlegt, umgengni í hverfinu er mjög slæm þar sem óvissan um framtíð í skipulagsmálum hefur dregið að starfsemi sem varla getur samræmst ástandi og núverandi aðstæðum í hverfinu.

Flest af þeim húsnæðum (upprunalega byggt sem iðnaðar og þjónustuhúsnæði sem standa í hverfinu eru byggð í kringum 1960 og uppfylla í flestum tilfellum ekki nútíma kröfur t.d. til mengunarvarna.

Okkur íbúum í hverfinu gengur ekkert að fá svör við stöðu mála í hverfinu.

Spurningum okkar um væntanlegt deiliskipulag er oftast eitt eða ekki svarað.

Við höfum heyrt um ýmsar orsakir fyrir töfum t.d. að við viljum alltaf meira og meira byggingarmagn, of fáir hafi áhuga á breytingum o.s.f. en í raun hefur lítið eða ekkert samráð verið haft við okkur íbúa og eigendur á reitnum.

Ég hef fjölda mynda af slæmri umgengni (m.a. olíumengun) sem aldrei ætti að viðgangast í hverfinu sem stendur næst einni aðal náttúruperlum Reykjavíkur, Elliðará og Elliðardal.

Gönguleiðir frá nýjum húsum í Vogabyggð upp í náttúruperluna Elliðaárdal liggja um okkar reit. Starfsemi á neðstu hæðum við Súðarvog tekur ekkert tillit til gangandi umferðar heldur hertekur oft gangstéttar (borgarland) undir úrgang frá verkstæðum.

Ég óska eftir að Íbúaráð Laugardals taki þetta erindi til skoðunar á næsta fundi ráðsins í apríl og þrýst í framhaldi af því á borgaryfirvöld um lausnir á

deili skipulagsmálum í hverfinu sem allra fyrst

Ég óska einnig eftir að kynna okkar sjónarmið fyrir ráðinu á næsta fundi ráðsins (í máli og myndum) því ástandið í hverfinu er með öllu óásættanlegt og samræmist í engu stefnu borgarinnar um Vogabyggð þar sem lögð er áhersla á lífsgæði og lýðheilsu.

Kveðja

Þorbergur Halldórsson.

Formaður húsfélagsins Súðarvog 44-48 / Kænavog 51-63

s.6605650 .

**Fylgiskjal:**

Sæl

Sendi hér nokkur myndir. Rusl og bílar standa á einu gangstéttinni í Súðarvoginum.

Um þessa gangstétt sem er borgarland þurfa allir að komast sem ætla sér úr nýju byggðinni í Vogabyggð t.d. upp í Elliðaárdal.

Kveðja Þorbergur Halldórsson.

s. 6605650






















Sent from my iPhone